

Fundur stjórnar TSÍ haldinn 08 apríl 2024 kl. 20.15 - Skrifstofa TSÍ

Fundinn sátu: Magnús formaður, Gunnar meðstjórnandi, Soumia ritari, Raj aðalmaður og Kristín Dana gjaldkeri

Dagskrá

1. Finna heppilegan fundatíma næsta starfsárs

Fyrsti fundur sem Kristín Dana mætir á. Ákveðið að prufa að halda TSÍ fundi um hádegi á skrifstofu TSÍ

2. Frágangur prókúru fyrir gjaldkera

Allir sem mættu skrifuðu undir prókúru fyrir nýja gjaldkera. Magnús sér um að klára ferlið

3. Fjárhagsstaða

Ágætismál fjárhagslega en þarf aðhald

4. Endurskoðað samkomulag við Selmu?

Mia talar við Selmu til að sjá einungis um heimasíðu og auglýsingar. Mótahaldarar taka myndir á mótum og senda á hana ef hún er ekki á staðnum. Ef hún er kölluð í aukaverkefni þarf að greiða henni aukalega

5. Næstu verkefni - budget fyrir DavisCup og BJK

BJK verður líklega haldið í Moldóvu þann 17 júní. Jón Axel velur í landsliði

Smáþjóðaleikarnir undir 14 ára – úrvalsnefnd velur eða samtals tvo leikmenn

6. Sponsmál

Magnús tekur að sér að kanna sponsora til að styðja við fjármál

7. Dagsetning formannafundar (fundarefni strategía og padel)

Fyrsti formannafundur verður haldinn 15. maí heima hjá Magnúsi kl. 19

8. Innkaupareglur

Lagt til á ársþingsfundinum 2024 að semja innkaupareglur fyrir TSÍ. Reglum þessum er ætlað að stuðla að því að TSÍ hagi innkaupum sínum s.s. kaup á vörum, þjónustu og verklegum framkvæmdum í samræmi við góða viðskipta- og stjórnsluhætti.

9. Næstu skref Garimu

Frábær árangur Hjá Garimu. Hún vann Evrópumót 2024 sem haldið á Íslandi. Er nú nr. 120 á heimslísta 14 ára og yngri. Raj er búin að senda fyrirspurn til Vítors varðandi hvernig við gætum stutt við hana áfram og hvort ITF getur hjálpað henni að fara lengra

10. Skýrsla frá Tennis Europe fundi í Sloveníu og skemmtileg viðurkenning ITF

Magnús var viðstaddur á Tennis Europ fundi í Sloveníu. Ísland hlaut viðurkenningu ITF fyrir frammistöðu á ári 2023 fyrst og fremst vegna góðs árangurs ungra kvenna. Verðlaun verður settur í Tennishöllina

11. Tennis Europ þing kosningaár kosið um alla stjórnarmenn

Henrik Thorse var kosinn formaður Tennis Europe sem er happafengur fyrir TSÍ.

12. Lagabreytingar fyrir næsta Tennisþing

Hver er ávinningur TSÍ ef við bætum við Padel eða Picleball? Kanna málið betur á formannafundi

13. Önnur mál

Árshátíð verður haldið næsta ár 5. Apríl. Raj kannar sal hjá Viking.

Fundi slitið 22.30